

Garðabær
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 25. febrúar 2022
Tilvísun: 2022020418/VS

Efni: Úttekt á notkun Garðabæjar á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi

Persónuvernd hefur ákveðið að hefja úttekt á notkun sex sveitarfélaga, eða grunnskóla þeirra, á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi og er Garðabær þeirra á meðal.

I.

Með rafrænu eintaki þessa bréfs sendir Persónuvernd Garðabæ spurningalista sem lýtur að persónuverndarsjónarmiðum varðandi val og notkun á skýjaþjónustu (e. cloud based services) í grunnskólastarfi.

Spurningalistinn er þáttur í víðtækara verkefni sem unnið er að frumkvæði Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB), þar sem meirihluti aðildarríkja ráðsins sinnir sameiginlegum viðfangsefnum á samræmdan hátt, en Evrópska persónuverndarráðið hefur ákveðið að setja „notkun opinberra aðila á skýjaþjónustu“ í forgang árið 2022.

Persónuvernd er þátttakandi í þessum samræmdu aðgerðum og hefur ákveðið að beina úttekt sinni að stærri sveitarfélögum landsins og notkun þeirra á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi. Þessi sveitarfélög eru nánar tiltekið Reykjavíkurborg, Kópavogur, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Akureyri og Garðabær.

Framangreind ákvörðun var tekin með hliðsjón af stefnu Persónuverndar í úttektum og frumkvæðisathugunum fyrir árið 2022, sem birt er á vefsíðu stofnunarinnar. Samkvæmt stefnunni er vinnsla persónuupplýsinga barna í hvers kyns snjalllausnum og hugbúnaðarkerfum í forgangi á þessu ári en auk þess leggur Persónuvernd ávallt áherslu á persónuvernd barna með hliðsjón af því að persónuupplýsingar þeirra njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlöggjöfnni. Við ákvörðun Persónuverndar um framangreinda úttekt var einnig litið til niðurstöðu frumkvæðisathugunar stofnunarinnar í máli nr. 2021040879, þar sem athuguð var innleiðing Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Reykjavíkur og komist að þeirri niðurstöðu að hún hefði ekki verið í samræmi við persónuverndarlöggjöfina.

II.

Persónuvernd óskar þess að svör Garðabæjar við meðfylgjandi spurningalista berist eigi síðar en **31. mars næstkomandi**. Svörin mega vera á eyðublaði, sem einnig er sent með rafrænu eintaki þessa bréfs, og skulu send rafrænt á netfangið postur@personuvernd.is.

Þegar Persónuvernd hefur farið yfir þau svör sem henni berast mun stofnunin taka ákvörðun um hvort úttekt telst lokið eða hvort henni verði fram haldið.



Ákveði Persónuvernd að úttekt sé lokið tilkynnir hún Garðabæ um það skriflega. Með slíkri tilkynningu fylgir skýrsla úttektar og verður sveitarfélaginu boðið að koma á framfæri athugasemdum við hana. Málinu telst þá lokið með því að endanleg skýrsla er send sveitarfélaginu.

Ákveði Persónuvernd að halda áfram úttekt verður Garðabæ tilkynnt um það skriflega, sem og um afmörkun frekari úttektar, hvort fyrirhuguð sé vettvangsathugun og hvað í henni muni felast.

III.

Upplýsingum úr svörum Garðabæjar kann að verða deilt með öðrum eftirlitsyfirvöldum sem taka þátt í framangreindum aðgerðum í samræmi við g-lið 1. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og verða þá notaðar öruggar aðleiðir á vegum Evrópska persónuverndarráðsins. Einnig verða svör við spurningalistanum notuð í sameiginlegri skýrslu þátttökuríkjanna um notkun opinberra aðila á skýjaþjónustu en þá í formi samantektar.

Garðabæ er velkomið að hafa samband við Valborgu Steingrímsdóttur, sviðsstjóra hjá Persónuvernd, um frekari upplýsingar eða skýringar.

Persónuvernd þakkar fyrirfram fyrir samstarf Garðabæjar.

F.h. Persónuverndar,

Valborg Steingrímsdóttir
Valborg Steingrímsdóttir

Ásbjörn U. Valsteinsson
Ásbjörn Unnar Valsteinsson

Persónuvernd hefur eftirlit með því að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, reglugerð (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðinni) og lögum nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi sé fylgt.

Til þess að Persónuvernd geti sinnt eftirlitshlutverki sínu hefur hún ýmsar valdheimildir samkvæmt lögum. Getur hún meðal annars fyrirskipað að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, eða fulltrúi þeirra, veiti hverjar þær upplýsingar sem stofnunin þarfnast vegna framkvæmdar laganna og reglugerðarinnar. Þá hefur Persónuvernd heimildir til að fá hjá ábyrgðaraðila og vinnsluaðila aðgang að öllum þeim gögnum sem nauðsynleg eru við framkvæmd laganna og reglugerðarinnar.

Athygli er vakin á því að Persónuvernd getur lagt á stjórnvaldssektir vegna tiltekinna brota gegn lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Um skilyrði þess er nánar fjallað í 46.-47. gr. laga nr. 90/2018.